

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 14. júní 1993

um tilvísunarrannsóknarstofur vegna eftirlits með sjávarlífeitri

(93/383/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögum framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun ráðsins 91/492/EBE frá 15. júlí 1991, um heilbrigðisskilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu lifandi samloka (tvískelja lindýra) ⁽⁴⁾, einkum í viðaukanum, eru ýmsar reglur um lífeitur sem hefur áhrif á lifandi samlokur.

Í tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991, um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ⁽⁵⁾, einkum í 5. gr. og í B-lið 3. liðar II. hluta V. kafla í viðauka hennar eru ákveðnar reglur um sjávarlífeitur sem hafa áhrif á fiskafurðir.

Eftirlit með sjávarlífeitri er einkum mikilvægt til að tryggja markaðssetningu lifandi samloka og fiskafurða sem eru í samræmi við ákvæði framangreindra tilskipana.

Til að tryggja skilvirkt eftirlitskerfi til prófunar á sjávarlífeitri ætti að tilnefna innlenda tilvísunarrannsóknarstofu til að sjá um samræmingu á nauðsynlegum efnagreiningum í hverju aðildarríki fyrir sig.

Til að tryggja staðlað kerfi í öllu bandalaginu er rétt að tilnefna tilvísunarrannsóknarstofu bandalagsins til að sjá um að samræma það eftirlit með sjávarlífeitri sem fram fer á öllum innlendum tilvísunarrannsóknarstofum. Ákveða ber starfssvið og rekstrarskilyrði tilvísunarrannsóknarstofu bandalagsins.

Rannsóknarstofan „Ministerio de Sanidad y Consumo“ í Vigo uppfyllir öll nauðsynleg skilyrði fyrir tilnefningu sem tilvísunarrannsóknarstofa bandalagsins vegna sjávarlífeiturs. Stjórnendur rannsóknarstofunnar hafa skuldbundið sig til að vinna þau störf sem mælt er fyrir um þessari tilskipun samkvæmt þeim skilmálum sem þar eru settir.

Þessi tilvísunarrannsóknarstofa getur fengið aðstoð bandalagsins í samræmi við 28. gr. ákvörðunar ráðsins 90/424/EBE frá 26. júní 1990 um útgjöld á sviði dýraheilbrigðismála ⁽⁶⁾.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Rannsóknarstofurnar sem skráðar eru í viðaukanum eru hér með tilnefndar sem innlendar tilvísunarrannsóknarstofur vegna eftirlits með sjávarlífeitri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 15, 18. 1. 1993, bls. 7.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 115, 26. 4. 1993.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. C 129, 10. 5. 1993, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15.

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 19.

2. gr.

1. Hver innlend tilvísunarrannsóknarstofa skal annast eftirtalin störf:

- samræma starfsemi innlendra rannsóknarstofa sem annast greiningar á sjávarlífeitri í viðkomandi aðildarríki,
- aðstoða lögbær yfirvöld í aðildarríkinu við að skipuleggja kerfi fyrir eftirlit með sjávarlífeitri,
- skipuleggja samanburðarpróf milli ýmissa innlendra rannsóknarstofa sem annast greiningar á sjávarlífeitri,
- tryggja að upplýsingum frá tilvísunarrannsóknarstofu bandalagsins sé komið til lögbærs yfirvalds í viðkomandi aðildarríki og til innlendra rannsóknarstofa sem annast greiningar á sjávarlífeitri.

2. Innlendu tilvísunarrannsóknarstofurnar skulu starfa í samvinnu við tilvísunarrannsóknarstofu bandalagsins sem um getur í 3. gr.

3. gr.

Rannsóknarstofan „Ministerio de Sanidad y Consumo“ í Vigo er hér með tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa bandalagsins vegna eftirlits með sjávarlífeitri.

4. gr.

Tilvísunarrannsóknarstofa bandalagsins skal annast eftirtalin störf:

- miðla upplýsingum um greiningaraðferðir og samanburðarpróf til innlendra tilvísunarrannsóknarstofa,
- samræma notkun innlendu tilvísunarrannsóknarstofanna á aðferðunum sem um getur í fyrsta undirlíð, einkum með því að skipuleggja samanburðarpróf,
- samræma rannsóknir til að þróa nýjar greiningaraðferðir og upplýsa innlendu tilvísunarrannsóknarstofurnar um framfarir á því sviði,

- skipuleggja þjálfunar- og endurmenntunarnámskeið fyrir starfslíð innlendu tilvísunarrannsóknarstofanna,
- starfa í samvinnu við rannsóknarstofur sem annast greiningu á sjávarlífeitri í þriðju löndum,
- veita framkvæmdastjórninni vísinda- og tæknilega aðstoð, einkum þegar ágreiningur rís milli aðildarríkjanna um niðurstöður úr greiningum.

5. gr.

Tilvísunarrannsóknarstofa bandalagsins vegna sjávarlífeiturs skal uppfylla eftirfarandi rekstrarskilyrði:

- hún skal hafa yfir að ráða menntuðu og hæfu starfslíði sem hefur nægilega þekkingu á þeim aðferðum sem beitt er við greiningu á sjávarlífeitri,
- hún skal hafa yfir að ráða þeim búnaði og þeim efnum sem þarf til að vinna störfin sem mælt er fyrir um í 4. gr.,
- hún skal hafa yfir að ráða viðeigandi stjórnkerfi,
- hún skal sjá til þess að starfslíðið gæti þagmælsku um ákveðin viðfangsefni, niðurstöður og skýrslur,
- hún skal sjá til þess að þylgt sé meginreglum sem viðurkenndar eru á alþjóðavettvangi um góðar starfsvenjur við rannsóknir,
- hún skal sjá til þess að til sé uppfærð skrá fyrir viðmiðunarefnum sem eru til á Tilvísunarskrifstofu bandalagsins, ásamt uppfærðri skrá yfir framleiðendur og birgja þessara efna.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 14. júní 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

B. WESTH

forseti.

VIÐAUKI

Belgía og Lúxemborg:

- Institut d'hygiène et d'épidémiologie
Département microbiologie — Service bactériologie
Av. Juliette Vytzman 14-16
B-1050 Bruxelles

Danmörk:

- Fiskeriministeriet
Fiskerikontrollen
Dronningens Tværgade 21
Postboks 9050
DK-1022 København-K

Pýskaland:

- Bundesgesundheitsamt (BGA)
Thielallee 88-92
D-1000 Berlin 33

Grikkland:

- The Institute of Hygiene
Iese Odos 75 Botanicos
GR-11855 Athens

Spánn:

- Laboratorio del Ministerio de Sanidad y Consumo
Unidad Administrativa de Vigo
Estación marítima s/n
E-36201 Vigo

Frakkland:

- Laboratoire central d'hygiène alimentaire
43, rue de Dantzig
F-75015 Paris

Írland:

- Fisheries Research Centre
Abbotstown
IRL-Dublin 15

Ítalía:

- Consorzio di studi, ricerche ed interventi sulle risorse marine
Viale Vespucci 2
I-47042 Cesenatico (FO)

Holland:

- Postbus 1
Rijkinstituut voor Volksgezondheid en Milieuhygiëne (RI-
VM)
NL-3720 BA Bilthoven

Portúgal:

- Laboratório do Instituto Nacional de Investigação das Pescas
(INIP)
AV. Brasília s/n
P-1400 Lisboa

Breska konungsríkið:

- Torry Research Station
PO Box 31, 135 Abbey Road
UK-Aberdeen AB9 8DG